



**VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ
ÍSLANDS**

REGLUR

Febrúar 2024

EFNISYFIRLIT

SKILGREININGAR.....	4
1. ALMENN ÁKVÆÐI	7
1.1. Starfsemi VBM	7
1.2. Gildissvið, lagagrundvöllur og skuldbindingargildi	8
1.3. Breytingar á reglum VBM.....	8
1.4. Breytingar til bráðabirgða við sérstakar aðstæður.....	9
1.5. Gildistaka, útgáfa og birting.....	9
2. Aðgangur að kerfi VBM.....	9
2.1. Aðgangur að kerfi VBM.....	9
2.2. Umsókn reikningstofnunar um aðild	10
2.3. Umsókn og skilyrði aðildar verðbréfamiðstöðva	12
2.4. Útgáfa rafréfa í verðbréfamiðstöð	12
2.5. Aðgengi annarra fjármálainnviða	13
2.6. Um hugbúnað og aðgangsheimildir reikningsstofnana o.fl.	14
2.7. Um hugbúnað og aðgangsheimildir útgefenda og stofnanafjárfesta o.fl.....	17
2.8. Ferli umsóknar	17
2.9. Þagnarskylda og veiting upplýsinga um skráð réttindi	18
3. Skráningarstarfsemi.....	18
3.1. Almenn	18
3.2. Aðgerðir vegna reikninga.....	19
3.3. Flutningur rafréfa.....	21
3.4. Milliganga um eignarskráningu og veðsetningar	22
3.5. Sérákvæði vegna réttinda skráð á nöfn látinna einstaklinga eða í eigu óskráðra aðila.....	24
4. Útgáfa rafréfa o.fl.	25
4.1. Almenn ákvæði	25
4.2. Útgáfa rafréfa.....	25
4.3. Rafræn skráning áþreifanlegra verðbréfa.....	26
4.4. Önnur tilfelli rafrænnar útgáfu.....	27
4.5. Afskráning og afmáning réttinda.....	28
5. Þjónusta við reikningsstofnanir, útgefendur og eigendur.....	28
5.1. Almenn	28
5.2. Greiðslur vegna fyrirtækjaaðgerða.....	28
5.3. Hækkun hlutfjár	29
5.4. Útgáfa jöfnunarhluta	29
5.5. Lækkun hlutfjár	30
5.6. Samruni félaga.....	30
5.7. Skipting félags	30

5.8.	Aðrar aðgerðir.....	31
6.	Uppgjör viðskipta	31
6.1.	Almenn ákvæði	31
6.2.	Greiðsluuppgjör verðbréfaviðskipta.....	33
6.3.	Eignauppgjör viðskipta	33
6.4.	Efndalok uppgjör.....	34
6.5.	Vanefndir við greiðslu- eða eignauppgjör.....	35
6.6.	Vanefndir við greiðsluuppgjör vegna gjaldþrots	35
7.	Vanefndir og lok aðildar.....	36
7.1.	Vanefndir aðila.....	36
7.2.	Lok aðildar reikningsstofnana og verðbréfamíðstöðva	37
8.	Ýmis ákvæði	38
8.1.	Skaðabætur.....	38
8.2.	Veiting upplýsinga í hagtöluskyni.....	38
8.3.	Önnur þjónusta	38

SKILGREININGAR

Aðildarsamningur: Samningur sem gera skal um aðild þeirra aðila sem nefndir eru í lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna nr. 7/2020 og er það skilyrði þess að þeir hafi heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að VBM.

Aðalreikningur (RTM): Reikningur á nafni þátttakanda í millibankakerfi Seðlabanka Íslands sem notaður er við framkvæmd greiðslna og uppgjörs í stórgreiðsluhluta millibankakerfisins.

Eignarskráning: Skráning réttinda yfir rafréfum í verðbréfamiðstöð, sbr. 4. gr. laga 7/2020.

Fjármálagerningur: Skilgreining á fjármálagerningi skal vera sú sama og segir í 16. lið 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerna nr. 115/2021.

Fyrirmæli: Sérhver fyrirmæli þátttakanda um að móttakanda sem þar er vísað til séu afhentir fjármunir með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning lánastofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða sérhver fyrirmæli sem skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og hún er nánar skilgreind í reglum kerfisins. Einnig fyrirmæli þátttakanda um að framselja bein eða óbein eignarréttindi í fjármálagerningum með rafrænni skráningu eða önnur sambærileg fyrirmæli, sbr. a- og b- liði 7. tölul. 2. gr. laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, nr. 90/1999.

Greiðslujöfnun: Að umbreyta í eina kröfu eða skuldbindingu mörgum kröfum eða skuldbindingum sem rekja má til fyrirmæla sem þátttakendur hafa annað hvort gefið eða eiga að taka við frá einum eða fleiri þátttakendum svo að aðeins ein (nettó) krafa eða skuldbinding myndast um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakanda, sbr. 5. tölulið 2. gr. laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, nr. 90/1999.

IP-tala: Einkvæm tala nettenginga sem reikningsstofnun notar til að tengjast kerfi VBM.

Kerfi VBM: Verðbréfamiðstöðvarkerfi sem VBM notar.

Lýsing: Skjal sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Millibankagreiðslukerfi (MBK): Kerfi samkvæmt skilgreiningu 1. tl. 2. gr. laga nr. 90/1999. Í millibankakerfinu fer fram rauntímauppgjör með íslenskar krónur milli þátttakanda sem eiga aðild að því.

Óbeinn aðili: Aðili sem hefur rétt til að sækja um aðild að kerfi VBM sem reikningsstofnun en önnur reikningsstofnun annast að öllu leyti milligöngu fyrir í kerfi VBM, m.a. við framkvæmd eignarskráninga, við uppgjör viðskipta og við framkvæmd annarra aðgerða.

Rafbréf: Fjármálagerningur sem er rafrænt skráður í verðbréfamiðstöð, sbr. 4. gr. laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna nr. 7/2020.

Reikningseigandi: Skráður eigandi VBM-reiknings sem reikningsstofnun stofnar að uppfylltum skilyrðum. Allir sem geta átt og borið réttindi að lögum geta orðið reikningseigendur, jafnt einstaklingar sem lögaðilar.

Reikningsstofnun (RS): Félag eða stofnun sem hefur heimild til milligöngu um eignarskráningar í kerfi VBM á grundvelli aðildarsamnings, sbr. 4. gr. laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna nr. 7/2020.

Safnskráning: Skráning réttinda á auðkenndum VBM-reikningi sem reikningsstofnun er heimilt að stofna, að uppfylltum skilyrðum, 42. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerna nr. 115/2021, til að varðveita fjármálagerna í eigu viðskiptavina sinna og taka við greiðslum fyrir hönd þeirra frá einstökum útgefendum fjármálagerna.

VBM: Verðbréfamiðstöð Íslands hf.

VBM-reikningur: Reikningur sem heldur færslur um rafbréf reikningseiganda.

Veðhafi og veðsali: Með *veðhafa* er átt við eiganda veðréttar, en með *veðsala* er átt við eiganda veðbréfs sem hefur verið veðsett.

Verðbréf: Skilgreining á verðbréfi skal vera sú sama og segir í 63. lið 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerna nr. 115/2021.

Verðbréfauppgjörreikningar (LOM): Sérstakir undirreikningar í eigu uppgjörstofnana í millibankakerfi Seðlabankans sem notaðir eru til peningalegs uppgjör verðbréfaviðskipta.

Uppgjörsaðili: Reikningsstofnun sem stofnar og sér um uppgjörreikninga fyrir sjálfa sig og aðrar reikningsstofnanir sem eru ekki uppgjörsaðilar. Uppgjörsaðili sér um reikningsuppgjör á greiðslufyrirmælum reikningsstofnana, þ.e. efndalok fyrirmæla, sbr. 5. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum.

Útgáfulýsing: Lýsing á auðkennum fjármálagernings sem gefa á út í kerfi VBM.

Útgáfusamningur: Samningur milli útgefanda og VBM um útgáfu rafbréfa í kerfi VBM.

Útgefandi: Útgefandi fjármálagernings sem gert hefur útgáfusamning við VBM.

Útvistarreikningsstofnun: Reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við VBM en önnur reikningsstofnun hefur á grundvelli samnings þar um tekið að sér milligöngu í kerfi VBM framkvæmd eignarskráninga, framkvæmd annarra aðgerða og við uppgjör viðskipta.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Starfsemi VBM

1.1.1. Verðbréfamiðstöð Íslands hf. (VBM) veitir þjónustu í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Til grundvallar er viðauki 1 við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (CSDR) um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar.

1.1.2. VBM annast þær þrjár kjarnþjónustur verðbréfamiðstöðva sem tilgreindar eru í CSDR. Þær eru eftirfarandi:

- A. Frumskráning verðbréfa í rafrænt kerfi á grundvelli samnings við útgefenda eða RS um skráningu. Frumskráning felur jafnframt í sér skráningu á bréfum sem gefin eru út í fleiri en einni verðbréfamiðstöð. Rafræn skráning í verðbréfamiðstöð á verðbréfum felur í sér lögbókunarþjónustu.
- B. Útvegum og varsla verðbréfareikninga á efsta stigi þ.e. miðlæg vörsluþjónusta sem skráir verðbréf á reikninga í nafni einstaklinga en einnig á safnreikninga. Skráning á verðbréfareikninga í nafni eigenda jafngildir framsali og er eignarhald óvéfengjanlegt.
- C. Starfræksla verðbréfauppgjörskerfis eða uppgjörþjónusta sem byggir á afhendingu verðbréfa gegn greiðslu. VBM notast við BIS módel II þar sem verðbréf eru afhent bréf fyrir bréf á meðan greiðslufyrirmæli eru afhent nettó.

1.1.3. Önnur þjónusta sem VBM veitir er viðbótarþjónusta sem tengist kjarnastarfsemi verðbréfamiðstöðva en felur ekki í sér útlána eða lausafjárahættu. Sú þjónusta er m.a. eftirfarandi:

- Móttaka og pörum viðskiptafyrirmæla með greiðslu.
- Móttaka og pörum viðskiptafyrirmæla án greiðslu.
- Gagna og upplýsingagjöf til hlutafélaga vegna hlutaskráningar.
- Framkvæmd og aðstoð við nýskráningu og skráningu.
- Vinnsla og upplýsingagjöf vegna fyrirtækjaaðgerða, arðs, vaxta, afborgana hluthafafunda og upplýsingaþjónustu.
- Þjónusta við nýjar útgáfur þ.m.t. útvegum á nauðsynlegum auðkennum eins og t.d. ISIN, LEI og CFI.
- Úrvinnsla fyrirmæla milli aðila, framkvæmd tekjuöflunar (verðskrá) og skýrslugjöf því tengt.
- Veita þátttakendum upplýsingar til afstemmingar um áreiðanleika skráðrar útgáfu.
- Veita upplýsingar til eftirlitsaðila í samræmi við þeirra kröfur.
- Vinnsla tölfraeðiupplýsinga fyrir markaðinn og eftirlitsaðila.
- Aðstoð við uppsetningu á tengingum við kerfi VBM.
- Skipulag og tilhögun veð- og trygginga fyrir þátttakendum.

Sú þjónusta sem VBM er kerfislega tilbúin að veita óski markaðurinn þess er m.a.:

- Stofna til samskipta við aðrar verðbréfamiðstöðvar með beinum eða óbeinum tengingum.
- Skipulagning og tilhögun vegna verðbréfalána meðal þátttakenda.

Framangreind upptalning er ekki tæmandi fyrir þá þjónustu sem tengist og er eðlileg í samhengi við kjarnaþjónustu verðbréfamiðstöðva.

1.2. Gildissvið, lagagrundvöllur og skuldbindingargildi

1.2.1. Reglur þessar gilda um útgáfu rafréfa, vörslu þeirra, skráningu réttinda þeim tengdum og uppgjör viðskipta í kerfi VBM.

1.2.2. Reglur þessar gilda um skilyrði aðildar reikningsstofnana að kerfi VBM, og um réttindi og skyldur við milligöngu um eignarskráningu í VBM, sem og aðild annarra en reikningsstofnana að kerfi VBM.

1.2.3. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna¹.

1.2.4. Öll samskipti við VBM skulu vera í samræmi við reglur þessar.

1.2.5. Reglurnar eru skuldbindandi fyrir VBM, reikningsstofnanir, útgefendur og aðra aðila sem skuldbinda sig, með undirritun aðildarsamninga, útgáfusamninga eða annarra samninga, til að fylgja þeim ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli reglnanna.

1.3. Breytingar á reglum VBM

1.3.1. VBM annast undirbúning breytinga á reglunum. Fyrirhugaðar breytingar skulu kynntar aðilum sem falla undir reglurnar með hæfilegum fyrirvara.

1.3.2. Áður en stjórn VBM er heimilt að staðfesta breytingu á reglunum ber að veita þeim aðilum er gert hafa aðildarsamning eða útgáfusamning við VBM tækifæri til að koma að athugasemdum við fyrirhugaða breytingu, enda varði breyting efnisatriði aðildar eða aðgangs þeirra að kerfi VBM. Heimilt er að kalla eftir athugasemdum á rafrænu formi. Berist VBM ekki athugasemdir frá aðilum innan frestsins lítur VBM svo á að tillaga sé samþykkt. Berist athugasemdir vegna tillagna að breytingum tekur VBM afstöðu til slíkrar breytingartillögu og athugasemda innan fjögurra vikna frá því að þær berast. Stjórn VBM er þó heimilt við sérstakar aðstæður að víkja frá framangreindum fresti.

¹ Sbr. 3. gr. laga nr. 7/2020 um lögfestingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [909/2014](#) frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. [236/2012](#), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 25 frá 28. mars 2019, bls. 255–326, skulu hafa lagagildi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. [18/2019](#) frá 8. febrúar 2019, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. [lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993](#), þar sem bókunin er lögfest.

1.4. Breytingar til bráðabirgða við sérstakar aðstæður

1.4.1. Framkvæmdastjóra VBM er heimilt við sérstakar aðstæður að breyta til bráðabirgða reglum þessum eða ákvörðun sem tekin hefur verið á grundvelli þeirra, sé það nauðsynlegt til þess að vernda stöðugleika í starfsemi fjármálakerfisins. Slík breyting heldur gildi í þann tíma sem tilgreindur er í ákvörðuninni en þó aldrei lengur en þörf krefur til þess að vernda starfsemina eða komast hjá viðkomandi áhættu. VBM skal tilkynna, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða breytingu áður en hún tekur gildi.

1.5. Gildistaka, útgáfa og birting

1.5.1. Reglur þessar taka gildi við staðfestingu stjórnar VBM og þegar þær hafa verið birtar á heimasíðu VBM.

1.5.2. Reglur VBM eru birtar á heimasíðu VBM.

1.5.3. Allar ákvarðanir teknar á grundvelli reglnanna, sem áhrif hafa á túlkun þeirra og beitingu, skulu jafnframt birtar á heimasíðu VBM og tilkynntar, eftir því sem við á, þeim aðilum sem gert hafa aðildarsamning og/eða útgáfusamning við VBM.

2. Aðgangur að kerfi VBM

2.1. Aðgangur að kerfi VBM

2.1.1. Þeir aðilar sem taldir eru upp í kafla þessum öðlast á grundvelli samninga þar um aðgang að kerfi VBM líkt og nánar er útlistað í reglum þessum og viðkomandi samningi.

2.1.2. Kerfi VBM er opið alla virka daga frá kl. 8:00 til 17:00 fyrir viðskiptafyrirmæli. Kerfi VBM er þó lokað á þeim dögum sem tilgreindir eru á vefsíðu VBM.

Aðild reikningsstofnana

2.1.3. Þeir aðilar sem taldir eru upp í 1. 4. 5. og 6. tl. 6. gr. laga nr. 7/2020 hafa rétt til milligöngu um eignarskráningu í kerfi VBM að uppfylltum skilyrðum þessara reglna.

2.1.4. Erlend reikningsstofnun með heimilisfesti á EES svæðinu og að uppfylltum sömu skilyrðum hefur heimild til að hafa milligöngu um eignarskráningu verðbréfa og getur óskað eftir aðild að kerfi VBM sem reikningsstofnun.

2.2. Umsókn reikningstofnunar um aðild

2.2.1. Umsókn um aðild reikningsstofnunar að kerfi VBM skal vera skrifleg. Í umsókn skal koma fram:

- a) Nafn, heimilisfang og kennitala lögaðila.
- b) Staðfesting lögbærs stjórnvalds í heimaríki lögaðila á heimild hans til að stunda verðbréfavíðskipti.

2.2.2. VBM metur, að teknu tilliti til umfangs rekstrarins hvort þátttaka af hálfu lögaðila geti verið til þess fallin að stefna áreiðanleika eða hagkvæmni eignarskráningar og/eða annarri starfsemi VBM í hættu. Í því skyni þarf lögaðili að uppfylla lagalegar kröfur sem gerðar eru til þátttakenda í kerfi VBM og afhenda nauðsynleg gögn sem staðfesta þá stöðu umsækjanda þannig að VBM geti metið umsækjanda:

- i. Hafa yfir að ráða fjárhagslegri getu sem fylgir því að vera þátttakandi í kerfi VBM
- ii. Hafa yfir að ráða fullnægjandi tæknilegri getu og kunnáttu til að verða þátttakandi sem fjármálafyrirtæki í VBM og þeim rekstri sem þar fer fram og þeim skuldbindingum sem af honum leiðir.
- iii. Hafa yfir að ráða nægu starfsliði til þess að annast þann rekstur sem fjallað er um í umsókninni, og sem hefur fullnægjandi þekkingu á sambærilegu kerfi og kerfi VBM.
- iv. Hafa yfir að ráða nægilegri áhættustýringu sem þannig er háttað að hæfi rekstri hans að mati stjórnar VBM, sem mun geta afla sér álit lögbærs stjórnvalds í heimaríki lögaðila.

2.2.3. Afstaða skal tekin til umsóknar reikningsstofnunar innan mánaðar² frá því fullbúin umsókn hefur borist VBM. VBM tilkynnir afstöðu sína skriflega. Synjun á umsókn skal ávallt rökstudd.

2.2.4. Málsmeðferðarreglur umsóknar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Skilyrði aðildar

2.2.5. Reikningsstofnun skal, áður en heimild til að annast milligöngu um eignarskráningu er veitt og eftirleiðis, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Hafa undirritað aðildarsamning við VBM, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/2020.
- b) Hafa tilnefnt þá tengiliði sem um getur í viðauka við aðildarsamning og uppfært breytingar á þeim lista meðan á aðild stendur.
- c) Hafa tryggt að þeir starfsmenn sem á hverjum tíma hafa aðgang að kerfi VBM skv. viðauka við aðildarsamning séu til þess hæfir.
- d) Hafa veitt upplýsingar sem sýna fram á að allar tengingar vegna kerfis VBM og öryggisráðstafanir þar að lútandi, séu í samræmi við kröfur VBM og uppfylli að öðru leyti ákvæði reglna þessara.

² Sbr. 2. tl. 33. gr. CSDR.

- e) Hafa sett sér reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga í samræmi við ákvæði laga.
- f) Hafa sett sér verklagsreglur sem uppfylla kröfur VBM við undirritun aðildarsamnings. Þar skal m.a. koma fram mat á þeirri áhættu sem VBM kann að vera búin með aðildarsamningnum, ábyrgðarsviði reikningsstofnunar gagnvart VBM og hvernig bregðast skuli við þeim hættum sem þar er lýst.
- g) Hafa skilað inn umboði sem heimilar VBM innsendingu greiðslufyrirmæla vegna verðbréfauppgjörs.

Yfirlýsing uppgjörsaðila

2.2.6. Reikningsstofnun sem ekki er uppgjörsaðili og er þar með ekki aðili að stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands, skal fá undirritaða yfirlýsingu frá uppgjörsaðila sem annast greiðsluuppgjör fyrir hans hönd. Staðfest afrit af yfirlýsingunni skal fylgja umsókn reikningsstofnunar.

Reikningsstofnanir utan EES

2.2.7. Ákvæði 2.2.1. – 2.2.6 gilda um umsókn, aðildarsamning og skilyrði aðildar gilda að breyttu breytanda um reikningsstofnanir utan EES. Við afgreiðslu umsóknar aðila utan EES skal leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

2.2.8. Heimild til milligöngu um eignarskráningar má því aðeins veita ef unnt er að staðreyna á grundvelli þeirra gagna sem lögð voru fyrir VBM að umsækjandi sé til þess fær, á grundvelli þeirrar löggjafar og reglugerða sem gilda um umsækjandann, að gangast undir reglur þessar og hlíta þeim og ákvörðunum sem gefnar eru út samkvæmt þeim, svo og öðrum reglum VBM.

2.2.9. VBM er heimilt að krefja umsækjanda um að leggja fram lögfræðilega álitsgerð þar sem lagt er mat, samkvæmt þeim lögum sem gilda um umsækjandann, á gildi, fullnustuhæfi og getu hans til að gangast undir þær skyldur og skuldbindingar sem settar eru fram í lögum 7/2020 reglum þessum og ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þeim, ásamt mati á þeim aðstæðum ef málsmeðferð vegna ógjaldfærni beinist að umsækjanda.

Aðild útvistunarreikningsstofnunar

2.2.10. Útvistunarreikningsstofnun er heimilt á grundvelli aðildarsamnings við VBM að gera samning við aðra reikningsstofnun um að hafa milligöngu fyrir sína hönd í kerfi VBM að uppfylltum þeim skilyrðum laga, reglugerða, reglna VBM og ákvarðana sem teknar hafa verið og birtar á grundvelli þeirra.

2.2.11. Ákvæði 2.2.1. – 2.2.6 gilda um umsókn, aðildarsamning og skilyrði aðildar útvistunarreikningsstofnunar að breyttu breytanda.

2.3. Umsókn og skilyrði aðildar verðbréfamiðstöðva

Aðild annarra verðbréfamiðstöðva

- 2.3.1. Önnur verðbréfamiðstöð getur óskað eftir aðild að kerfi VBM sem reikningsstofnun, sbr. kafli 2.2. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabankans. Slík tenging telst stöðluð milli verðbréfamiðstöðva.
- 2.3.2. Önnur verðbréfamiðstöð getur óskað eftir að fá aðgang í gegnum sérsniðna tengingu. VBM metur kostnað og áhættu við slíka beiðni og getur hafnað henni ef áhættan eða kostnaður vegna þessa er ekki viðunandi.
- 2.3.3. VBM afgreiðir umsóknir um aðild verðbréfamiðstöðva eigi síðar en þremur mánuðum eftir að umsókn berst. VBM hefur það sem markmið að afgreiða allar umsóknir án tafar.
- 2.3.4. Verðbréfamiðstöðvar, innlendar eða erlendar sem hafa heimild til að starfa hér á landi og eru undir opinberu eftirliti, er heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í VBM með þeim réttaráhrifum sem getið er um í IV. kafla laga nr. 7/2020.
- 2.3.5. Ákvæði 2.2.1. – 2.2.6 gilda um umsókn, aðildarsamning og skilyrði aðildar verðbréfamiðstöðva að breyttu breytanda. VBM skal meta áhættuþætti gagnvart umsækjanda verðbréfamiðstöð.
- 2.3.6. Heimild til milligöngu um eignarskráningar má því aðeins veita ef unnt er að staðreyna á grundvelli þeirra gagna sem lögð voru fyrir VBM að umsækjandi sé til þess fær, á grundvelli þeirrar löggjafar og reglugerða sem gilda um umsækjandann, að gangast undir reglur þessar og hlíta þeim og ákvörðunum sem gefnar eru út samkvæmt þeim, svo og öðrum reglum VBM.
- 2.3.7. VBM er heimilt að krefja umsækjanda um að leggja fram lögfræðilega álitsgerð þar sem lagt er mat, samkvæmt þeim lögum sem gilda um umsækjandann, á gildi, fullnustuhæfi og getu hans til að gangast undir þær skyldur og skuldbindingar sem settar eru fram í lögum reglum þessum og ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þeim, ásamt mati á þeim aðstæðum ef málsmeðferð vegna ógjaldfærni beinist að umsækjanda.

2.4. Útgáfa rafbréfa í verðbréfamiðstöð

- 2.4.1. Útgefanda fjármálagerninga er heimilt að gera samning við VBM og skrá þá rafrænt hjá VBM í samræmi við lög nr. 7/2020 og ákvæði þessara reglna.
- 2.4.2. Útgefandi fjármálagerninga skal sækja um að fjármálagerningar hans séu gefnir út í kerfi VBM. VBM tekur beiðni hans strax til meðferðar og mun afgreiða hana um leið og öllum skilyrðum er fullnægt. VBM mun afgreiða slíka

beiðni í síðasta lagi innan 3ja mánaða³ frá því beiðnin berst. Sé beiðni útgefanda um þjónustu synjað þá fylgir rökstuðningur VBM fyrir synjun.

- 2.4.3. Útgefandi fjármálagernings skal gera samning við VBM þar sem fram kemur hvaða skilyrðum útgáfan og útgefandi þarf að uppfylla svo unnt sé að taka hana til skráningar og útgáfu í kerfi VBM.
- 2.4.4. Við mat á beiðni útgefanda er tekið tillit til hvort útgefandi og útgáfan sem óskað er eftir skráningu á uppfylli lagaleg skilyrði s.s. að útgefandi geti mætt laglegum skilyrðum vegna þjónustu VBM. Einnig að útgefandi geti ábyrgst að þannig hafi verið staðið að útgáfunni að unnt sé að tryggja heilindi útgáfunnar.
- 2.4.5. Fjárhagsleg áhætta er metin gagnvart útgefanda þ.e. hvort útgefandi geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart VBM.
- 2.4.6. Kerfisleg rekstraráhætta er metin með hliðsjón af hvort útgáfan krefjist verulegra breytinga á rekstri kerfa og þar með áhættuferlum og áhrif á stöðuleika í uppgjöri. Óski útgefandi eftir að uppgjör fari fram í annarri mynt, metur VBM áhættuna af slíkri breytingu.
- 2.4.7. Málsmeðferðarreglur umsóknar eru birtar á heimasíðu félagsins.
- 2.4.8. Hlutafélag getur hvenær sem er óskað eftir, á grundvelli samnings þar um við VBM, beintengingu við kerfi VBM vegna aðgangs að upplýsingum um hluthafa í félaginu, að uppfylltum þeim reglum sem gilda um aðgang að kerfi VBM. Hlutaskrá skal ætíð geymd á skrifstofu hlutafélags, sbr. 8. mgr. 30. gr. laga nr. 2/1995.
- 2.4.9. Sömu reglur gilda um aðgang verðbréfasjóða að upplýsingum um eigendur hlutdeildarskírteina í viðkomandi verðbréfasjóði og gilda um aðgang hlutafélaga.

2.5. Aðgengi annarra fjármálainnviða

- 2.5.1. Miðlægir mótaðilar (Central Counterparty) og eða viðskiptavettvangur verðbréfa geta óskað eftir aðgangi að VBM í samræmi við hlutverk viðkomandi umsækjanda.
- 2.5.2. Ákvæði 2.2.1. – 2.2.6 gilda um umsókn, aðildarsamning og skilyrði aðildar miðlægs mótaðila og viðskiptavettvangs gildir að breyttu breytanda. VBM skal meta áhættuþætti gagnvart umsækjanda.

³ Sbr. 2. tl. 49. gr. CSDR.

- 2.5.3. Stjórn VBM metur, að teknu tilliti til umfangs og eðli rekstrarins hvort þátttaka af hálfu annarra fjármálainnviða geti verið til þess fallin að stefna áreiðanleika eða hagkvæmni eignarskráningar eða annarri starfsemi VBM í hættu.
- 2.5.4. Umsókn skal svarað eins fljótt og unnt er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst.
- 2.5.5. VBM birtir á vefsíðu sinni málsmeðferðarreglur við afgreiðslu umsóknar um aðild.

2.6. Um hugbúnað og aðgangsheimildir reikningsstofnana o.fl.

- 2.6.1. VBM rekur kerfi VBM samkvæmt nánari lýsingu í reglum þessum og handbók um notkun þess. Um hugbúnað og aðgangsheimildir innlendra og erlendra reikningsstofnana, annarra verðbréfamiðstöðva, útvistunarreikningsstofnana og annarra fjármálainnviða er nánar fjallað um í kafla þessum.

Hugbúnaður o.fl.

- 2.6.2. VBM leggur til hugbúnað vegna tengingar við kerfi VBM og áskilur sér rétt til að hafa eftirlit með að notkun hans sé í samræmi við kröfur VBM þar að lútandi.
- 2.6.3. Reikningsstofnun ber ábyrgð á öryggi tenginga sem um getur í 2.6.2 skv. almennum viðurkenndum kröfum um öryggi kerfa, hugbúnaðar, gagnagrunna, nettengingu og ytri tölvusamskipta á hverjum tíma, þ.m.t. aðgangi að aðgerðum eigin starfsmanna og vörnum gegn aðgangi og aðgerðum óviðkomandi þriðja aðila. Telji VBM reikningsstofnun ekki uppfylla kröfur skv. þessari grein eða geti reikningsstofnun, af einhverjum ástæðum, ekki uppfyllt kröfur skal hún tilkynna VBM um það tafarlaust og sjá til þess að úr verði bætt.
- 2.6.4. Aðgangur reikningsstofnunar að kerfi VBM er aðgangur að gildandi kerfi á hverjum tíma. VBM er heimilt að leggja fram nýjar eða uppfærðar útgáfur af kerfinu og búnaði því tengdu í samræmi við þróun þess hverju sinni. Notendum kerfisins er skylt að taka uppfærðar og/eða nýjar útgáfur þess í notkun á tilskildum tíma og í samræmi við fyrirmæli VBM. Áður en frestur er ákveðinn skal VBM eiga samráð við þá aðila sem uppfærslur og/eða nýjar reglur taka til. Eldri útgáfur skulu þar með úr gildi fallnar og notkun þeirra óheimil.
- 2.6.5. Rekstur kerfis VBM fer fram með þeim búnaði sem VBM ákveður hverju sinni. Þátttakendur skulu ráða yfir búnaði sem uppfyllir lágmarkskröfur VBM. VBM tekur ákvarðanir um öryggismál sem varða notkun á kerfi VBM, fyrirkomulag fjarskipta og öryggi þeirra, svo og verklagsreglur sem ber að fylgja þegar bilanir koma upp. Ákvæði um búnað á starfsstöðvum, afhendingarskilmálar hugbúnaðar í vinnustöðvum og framkvæmd fjarskipta koma fram í viðauka við samninginn sem gerður er við aðila samkvæmt þessari grein.

2.6.6. Í aðgangi reikningsstofnunar að kerfi VBM felst annars vegar að reikningsstofnun er heimilt og skylt að stofna VBM-reikninga og annast milligöngu um eignarskráningu og hins vegar að miðla upplýsingum um skráð réttindi til rétthafa. Notkun reikningsstofnunar skal miðast við slík afnot. Reikningsstofnun er óheimilt að breyta kerfi VBM eða nota það á annan hátt en samræmist hagsmunum VBM eða eigenda skráðra réttinda í því. Reikningsstofnun er óheimilt að veita öðrum aðgang að kerfi VBM nema með samþykki VBM. Reikningsstofnun er óheimilt að breyta þeim búnaði sem VBM leggur til.

Aðgangsheimild

2.6.7. VBM úthlutar reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við VBM einni eða fleiri aðgangsheimildum að kerfi VBM.

2.6.8. VBM úthlutar notendaauðkennum á grundvelli aðildarsamnings til reikningsstofnunar og tengir skilríki viðkomandi starfsmanns. Ef aðgangsheimild að kerfi VBM er um bakvinnslukerfi reikningsstofnunar (kerfisaðgangur) skal reikningsstofnun takmarka aðgang við þá starfsmenn sem þurfa að nota hann vegna starfa þeirra.

2.6.9. Í aðildarsamningi skal reikningsstofnun tilgreina nöfn og kennitölur allra starfsmanna sem fá aðgang skv. 2.6.8.

2.6.10. Reikningsstofnun skal tilkynna VBM tafarlaust um breytingar á mannhaldi skv. 2.6.8 og úthlutar VBM í því tilviki nýju notendaauðkenni, aðgangsorði eða rafrænum skilríkjum.

2.6.11. Reikningsstofnun ábyrgist að þeir starfsmenn sem hún óskar eftir að fái aðgang að kerfi VBM hafi næga þekkingu á kerfinu og á þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemina hverju sinni.

IP-tölur

2.6.12. Reikningsstofnun skal tilkynna VBM um þær IP-tölur sem hún óskar eftir að veittur verði aðgangur að kerfi VBM. Öll notkun IP-talna er á ábyrgð reikningsstofnunar og skal hún geta rakið sérhverja notkun til þess starfsmanns sem notkunin á rætur að rekja til.

Afstemmingar

2.6.13. Reikningsstofnun skal varðveita í eigin kerfi allar eignarskráningar sem hún framkvæmir í kerfi VBM og taka af þeim afrit í samræmi við skyldur eftirlitsskyldra aðila.

2.6.14. Reikningsstofnun skal daglega sækja yfirlit yfir stöður reikninga sem VBM útbýr og hefur að geyma upplýsingar um þær skráningar í kerfi VBM sem reikningsstofnun hefur framkvæmt. Reikningsstofnun stemmir af skráningargögn við þær beiðnir og gögn sem liggja þeim til grundvallar. Verði ósamræmi á milli skráningarfærslna á afstemmingarskránni og þeirra skráningarfærslna sem reikningsstofnun hefur eignarskráð samkvæmt fyrirnefndum gögnum, skal reikningsstofnun leiðrétta það.

Upplýsingar vegna óbeinna aðila

2.6.15. Reikningsstofnun skal, að eigin frumkvæði eða að kröfu VBM, veita VBM umbeðnar upplýsingar um óbeina aðila í kerfi VBM í eftirfarandi tilvikum:

- a) Þegar hlutfall starfsemi reikningsstofnunar í kerfi VBM nær tilteknu hámarki vegna aðildar óbeins aðila.
- b) Nái fjöldi óbeinna aðila í gegnum reikningsstofnun í kerfi VBM tilteknu hámarki.
- c) Nái umsvif starfsemi óbeinna aðila fyrir milligöngu reikningsstofnunar tilteknu hámarki í kerfi VBM.
- d) Nái starfsemi óbeinna aðila fyrir milligöngu reikningsstofnunar tilteknu hámarki af heildarstarfsemi reikningsstofnana í kerfi VBM.

VBM ákveður þau viðmið sem um ræðir í töluliðum a) – d) hér að framan og tilkynnir reikningsstofnunum þar um. Jafnframt tilkynnir VBM reikningsstofnunum tafarlaust verði hún þess áskynja að eitthvert framangreint tilvika eigi við.

2.6.16. Eigi eitthvert framangreint tilvika við áskilur VBM sér rétt til að fara fram á að reikningsstofnun fái undirritun viðkomandi óbeina aðila á sérstaka yfirlýsingu til handa VBM um m.a. að hann hafi kynnt sér ákvæði reglna VBM.

2.6.17. Reikningsstofnun skal að eigin frumkvæði tilkynna VBM verði hún þess áskynja að eitthvert tilvikanna í 2.6.15. eigi við.

Upplýsingar og trúnaður

2.6.18. Þær upplýsingar sem veittar eru á milli reikningsstofnunar og VBM, svo sem vegna hugbúnaðar, aðgangs einstakra notenda og öryggismála reikningsstofnunar, skulu bundnar trúnaði. Trúnaðarskylda helst eftir að aðild reikningsstofnunar að kerfi VBM fellur niður.

2.6.19. Ef VBM hefur rökstuddan grun um brot reikningsstofnunar á ákvæðum laga, reglugerðar, reglna VBM eða aðildarsamnings, er VBM heimill aðgangur að öllum gögnum, skjölum og öðru því hjá reikningsstofnun sem þarf til að rannsaka hvort brot hafi átt sér stað eða ef hætt er við að slíkt brot verði framið. Reikningsstofnun ber jafnframt að veita þær upplýsingar sem óskað er eftir við slíka rannsókn, þ.m.t um starfsleyfi viðkomandi reikningsstofnunar.

2.6.20. Ef aðildarsamningi við reikningsstofnun hefur verið sagt upp lokar VBM fyrir aðgang reikningsstofnunar og er reikningsstofnun skylt að hætta notkun á þeim hugbúnaði sem hún hefur fengið frá VBM og eyða honum úr sínum kerfum. Einnig er reikningsstofnun skylt að skila til VBM öllum þeim gögnum sem liggja til grundvallar eignarskráningum sem framkvæmdar hafa verið fyrir milligöngu hennar enda hafi önnur reikningsstofnun ekki tekið yfir réttindi og skyldur hennar. VBM er heimilt að fá óháðan aðila til að sannreyna og hafa eftirlit með að öllum framangreindum atriðum hafi verið framfylgt, þ.m.t. að öllum gögnum hafi verið skilað.

2.7. Um hugbúnað og aðgangsheimildir útgefenda og stofnanafjárfesta o.fl.

Hugbúnaður, aðgangsheimild o.fl.

- 2.7.1. VBM leggur til hugbúnað vegna tengingar við kerfi VBM og áskilur sér rétt til að hafa eftirlit með að notkun hans sé í samræmi við kröfur VBM þar að lútandi.
- 2.7.2. Við lok samningssambands ber notanda að skila eða eyða hugbúnaði úr kerfum sínum.

2.8. Ferli umsóknar

- 2.8.1. Eftir að VBM hefur borist öll tilhlýðileg gögn sem óskað er eftir í tengslum við umsókn um aðgengi að kerfi VBM er umsókn afgreidd svo fljótt sem unnt er.
- 2.8.2. Ef umsókn er synjað þá fylgir með rökstudd skrifleg greinagerð um ástæðu synjunar.
- 2.8.3. Ferli umsóknar er eftirfarandi:
- i. Öll gögn móttækin og tryggt að þau séu endanleg þ.e. ekkert efnislega sem vantar í innsend gögn.
 - ii. Þegar það liggur fyrir að umsækjandi og VBM eru sammála að umsókn sé tilbúin þá er hún formlega móttækin á tilteknum degi.
 - iii. Eins fljótt og auðið er, en þó aldrei síðar en innan 1 mánaðar⁴ frá því að fullbúin umsókn var móttækin mun VBM afgreiða umsóknina með því að ganga frá viðeigandi samningi.
 - iv. Fari svo að umsókn sé hafnað þá er sú ákvörðun rökstudd skriflega.
 - v. Umsækjanda er ekki hafnað nema á forsendum sem tengjast áhættumati um að viðkomandi umsækjandi sé ekki tæknilega, lagalega eða fjárhagslega hæfur til að verða aðili að VBM.
 - vi. Forsendur höfnunar á aðild eru sendar Fjármálaeftirliti.

⁴ Sbr. 2. tl. 33. gr. CSDR.

2.9. Þagnarskylda og veiting upplýsinga um skráð réttindi

- 2.9.1. VBM er óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi í kerfi VBM, nema annað sé heimilað samkvæmt lögum.
- 2.9.2. Um þagnarskyldu stjórnar, framkvæmdastjóra, annarra starfsmanna og endurskoðenda VBM fer samkvæmt 17. gr. laga nr. 7/2020
- 2.9.3. Um þagnarskyldu reikningsstofnana fer samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og samkvæmt aðildarsamningi reikningsstofnunar við VBM. Um aðgang reikningsstofnana og annarra að upplýsingum í kerfi VBM gildir:
- Reikningsstofnun hefur fullan aðgang að upplýsingum á þeim VBM reikningum sem hún hefur stofnað fyrir eigendur rafbréfa, en um aðgang einstakra starfsmanna að reikningum fer m.a. samkvæmt reglum reikningsstofnana um meðferð trúnaðarupplýsinga og þeim lögum er um slíkan aðgang gilda.
 - Reikningseigandi hefur rétt á aðgangi að öllum upplýsingum sem skráðar eru á VBM-reikning í hans nafni, nema kveðið sé á um annað í lögum.
 - Eigandi skráðra réttinda á VBM-reikningi á rétt á aðgangi að upplýsingum sem að því marki sem upplýsingarnar eru nauðsynlegar vegna réttinda viðkomandi.
 - Aðrir en þeir sem taldir eru upp í a. – c. tölulið eiga ekki rétt á upplýsingum á VBM reikningi nema að því marki sem það er heimilað í ákvæðum laga.
- 2.9.4. Um þagnarskyldu annarra aðila að kerfi VBM, eða þeirra aðila sem aðgang fá að kerfi VBM, fer samkvæmt samningi þar um, þeim lögum sem gilda um viðkomandi aðila og þeim upplýsingum sem skráðar eru á viðkomandi VBM-reikninga.

3. Skráningarstarfsemi

3.1. Almennt

- 3.1.1. Í kerfi VBM eru stofnaðir reikningar fyrir eigendur rafbréfa (VBM-reikningar) til skráningar á réttindum. Einnig eru stofnaðir sérstakir tæknilegir reikningar til að unnt sé að framkvæma ýmsar aðgerðir tengdum útgáfum og afstemmingum m.a. til að tryggja heilindi útgáfunnar.
- 3.1.2. Afhending verðbréfa í kerfi VBM fer fram í samræmi við reglur CSDR og gerist á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi er allar færslur sem fram fara milli reikninga í kerfi VBM, óháð þátttakenda, paraðar. Ef afhending er án greiðslu þá fer afhendingin fram um leið og fyrirmælin parast þ.e. strax í rauntíma. Ef afhending er með greiðslu þá parast fyrirmælin en bíða afgreiðslu þar til

uppgjör fer fram milli þátttakenda í millibankakerfi Seðlabanka Íslands sbr. viðauka við reglur þessar. Í öðru lagi þá eru verðbréf afhent beint inná reikning eða reikninga við frumskráningu í kerfi VBM.

- 3.1.3. Á VBM reikningum er haldið utan um, eignarskráningar, breytingar og flutning rafbréfa eða niðurfellingar réttinda að rafbréfum. Allar framangreindar aðgerðir og skráningar skal gera með þeim hætti að heilindi útgáfunnar sé tryggð.
- 3.1.4. VBM skal tryggja að í kerfi VBM sé öllum réttindum á VBM-reikningum haldið aðskildum hverjum frá öðrum og eru allir VBM-reikningar stofnaðir á kennitölur eigenda. Þá skal reikningsstofnun tryggja við framkvæmd eignarskráninga að öll skráð réttindi á VBM reikningum sem stofnaðir eru hjá viðkomandi reikningsstofnun sé haldið aðskildum hverjum frá öðrum.

3.2. Aðgerðir vegna reikninga

Almennt

- 3.2.1. Kerfi VBM uppfyllir ákvæði laga nr. 7/2020 um aðskilnað reikninga milli þátttakenda, um aðskilnað milli RS og viðskiptavina þeirra og aðskilnað milli einstakra viðskiptavina hjá viðkomandi RS.
- 3.2.2. Reikningar og skrár í kerfi VBM eru þannig uppbyggðir að hver RS sem er þátttakandi getur skráð og varðveitt eignir á reikninga sem eingöngu tilheyra þeirra umsjón sem þátttakanda í kerfi VBM. Eftirfarandi skipting varðveisluskráningar tryggir aðskilnað milli þess sem meðhöndlar aðgerðir í kerfi VBM og viðskiptavina þeirra.
 - i. RS skráir réttindi beint á eiginlega eigendur á þeirra verðbréfareikning í kerfi VBM.
 - ii. Eigin verðbréfaeign RS er skráð á reikninga sem eru aðskildir frá reikningum viðskiptavina.
 - iii. Einnig er unnt að skrá eignir viðskiptamanna á safnreikning þar sem eingöngu eru skráð verðbréfaeign viðskiptamanna viðkomandi RS.
- 3.2.3. Skráning réttinda beint á eigin reikning aðila er efsta verndarstig eigenda og hefur ígildi lögbókunar og framsals til handhafa viðkomandi reikningseiganda.
- 3.2.4. Skráning réttinda beint á reikning í eigu rétthafa er meginregla.
- 3.2.5. Skráning réttinda á safnreikning með öðrum viðskiptavinum RS hefur ekki sömu réttindavernd og bein skráning og skal einungis unnt að skrá á safnreikning með samþykki rétthafa.

Stofnun VBM-reiknings

- 3.2.6. Um skilyrði stofnunar reiknings fyrir einstakling, félag eða annan aðila sem getur átt réttindi eða borið skyldur að lögum fer skv. lögum og reglum.
- 3.2.7. Reikningsstofnun er heimilt að stofna VBM-reikning án könnunar persónuskilríkja hafi sá aðili þegar stofnað til viðskiptasambands við viðkomandi reikningsstofnun og lagt fram viðeigandi gögn.
- 3.2.8. Reikningsstofnun sendir VBM færslu þess efnis að VBM-reikningur hafi verið stofnaður fyrir milligöngu hennar. Í færslu skal að lágmarki koma fram:
- Nafn, heimilisfang og kennitala reikningseiganda.
 - Nafn lögráðamanns eða umboðsmanns ef við á.
 - Númer á bankareikningi reikningseiganda (valkvætt).
- 3.2.9. Reikningsstofnun ábyrgist gagnvart VBM og skal ef óskað er sýna fram á að nauðsynleg könnun á persónuskilríkjum eða löglegum skilríkjum um stofnun lögaðila ef við á hafi farið fram við stofnun VBM-reiknings. Reikningsstofnun skal jafnframt veita VBM aðgang að þeim gögnum sem liggja framangreindu til grundvallar.

Stofnun VBM safnreiknings

- 3.2.10. Reikningsstofnun er heimilt að stofna safnreikning í samræmi við ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.
- 3.2.11. Þegar VBM-reikningur er stofnaður sem safnreikningur hjá viðkomandi reikningsstofnun skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
- Nafn reikningsstofnunar.
 - Auðkenni þess reiknings (kennitala) sem nota skal til safnskráningar.
- 3.2.12. Reikningsstofnun ber að halda skrá yfir eignarhlut hvers viðskiptamanns um sig á safnreikningi í samræmi við ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.

Tegundir VBM reikninga

- 3.2.13. Tegundir VBM reikninga eru eftirfarandi:
- Verðbréfareikningur viðskiptamanns:** (*Client account*) Þessa tegund af reikningi getur bara reikningsstofnun stofnað. Allir viðskiptamenn þurfa að eiga svona reikning. Mögulegt er að tengja bankareikning við þennan VBM reikning.
 - Verðbréfasafnsreikningur:** (*Portfolio account*) Þessi reikningur getur verið notaður fyrir eignastýringarsöfn og sérgreindir þá eignir sem eru til stýringar.
 - Vörslureikningur:** (*Custody account*) Þessi reikningur getur verið fyrir sjóði og aðra fagfjárfesta.

- d) **VBM-veðreikningar:** Sérstakir reikningar til veðsetningar á heilu safni sem vistað er á þessum reikningum.
- e) **Eigin verðbréfareikningur RS:** (House account) Reikningar sem RS hafa til að halda utan um eigin eignir.

Stofnun tæknilegra reikninga

3.2.14. VBM mun stofna og annast sérstaka tæknilega reikninga í kerfi VBM. Þessir reikningar eru stofnaðir í sérstökum tilgangi til að tryggja heilindi útgáfunnar og örugga framkvæmd við tilteknar aðstæður:

- a) **Útgáfureikningur:** Verðbréfareikningur þar sem heildarútgáfa er skráð þegar hún er gerð aðgengileg í kerfi VBM.
- b) **Dreifingarreikningur útgáfu:** Verðbréfareikningur þar sem afhending verðbréfa með tiltekið auðkenni fer fram í tengslum við nýja útgáfu eða útgáfu sem er gerð aðgengileg og á að dreifast fyrir milligöngu aðila sem er þátttakandi í kerfi VBM.
- c) **Afhendingarreikningur:** Verðbréfareikningur sem stofnast og tekur við verðbréfum einstaklinga og lögaðila á þeirra nafni þar sem þeir eiga ekki verðbréfareikning í umsjón RS. Til að unnt sé að ráðstafa eignum þarf eigandinn að stofna til viðskiptasambands við RS sem þá færir eignina inná fullgildan verðbréfareikning.
- d) **Flutningsreikningur:** VBM rekur og stjórnar. Reikningurinn hefur þann megin tilgang að taka til hliðar þær einingar verðbréfa sem fluttar eru frá/til annarrar verðbréfamiðstöðvar.

Lokun VBM-reiknings

3.2.15. Ef engin rafbréf hafa verið á reikningi í eitt (1) ár er reikningsstofnun heimilt að loka honum. Ef VBM-reikningur hefur verið stofnaður fyrir mistök og engin rafbréf verið flutt á hann er reikningsstofnun heimilt að loka honum fyrirvaralaust.

3.3. Flutningur rafbréfa

Flutningur rafbréfa til reikningsstofnunar

3.3.1. Reikningsstofnun er aðeins heimilt að flytja rafbréf af VBM-reikningi í umsjón VBM yfir á VBM-reikning í eigin umsjón ef ein af eftirtöldum heimildum liggur fyrir:

- a) Beiðni frá eiganda um flutning.
- b) Vörslumboð/samningur við eiganda rafbréfa sem tekur til hlutaðeigandi rafbréfa.
- c) Eigandi veðréttar eða annarra takmarkaðra réttinda leggi fram gögn sem reikningsstofnun telur fullnægjandi að undangenginni könnun. VBM-reikningur sem stofnaður er í þessu skyni skal vera á nafni veðsala eða þess sem takmörkunin lýtur að.

Flutningur rafbréfa frá einni reikningsstofnun til annarrar

- 3.3.2. Reikningsstofnun er skylt að beiðni reikningseiganda að flytja rafbréf í hans eigu án tafar inn á VBM-reikning í annarri reikningsstofnun að hans vali, sé ekkert því til fyrirstöðu.

3.4. Milliganga um eignarskráningu og veðsetningar

Rannsóknar- og skráningarskylda

- 3.4.1. Við móttöku á beiðni um eignarskráningu ber reikningsstofnun að kanna rækilega hvort hin tilkynntu eignarréttindi stafi örugglega frá beiðanda. Enn fremur hvort nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir með því að krefjast þeirra skilríkja og gagna sem tryggja áreiðanleika beiðinnar.
- 3.4.2. Reikningsstofnun ábyrgist gagnvart VBM og skal, ef óskað er, sýna fram á fullnægjandi gögn sem sanna réttindi rétthafa að rafbréfi og hvenær beiðni um eignarskráningu hafi verið móttokin.
- 3.4.3. Framvísi beiðandi viðhlítandi gögnum um grundvöll eignarskráningar skal reikningsstofnun án tafar senda beiðni (færslu) til VBM um eignarskráninguna. Reikningsstofnun er skylt að afhenda beiðanda staðfestingu um hvenær eignarskráning átti sér stað.

Skráning framsals

- 3.4.4. Í færslu um framsal á rafbréfi skal að lágmarki koma fram:
- Reikningsnúmer seljanda og kaupanda sem jafnframt vísa til nafna, kennitalna og heimilisfanga þeirra.
 - Auðkenni og fjöldi eininga nafnverðs þeirra rafbréfa sem framsalið tekur til.
 - Nöfn reikningsstofnana seljanda og kaupanda.
- 3.4.5. Kerfi VBM hefur ekki að geyma upplýsingar um stofnverð verðbréfa.

Skráning veðréttinda o.fl.

- 3.4.6. Við skráningu á veði eða öðrum skráningarhæfum réttindum eða vegna dóms eða annarrar opinberrar réttargerðar skal koma fram:
- Til hvaða verðbréfa rétturinn taki. Nái eignarskráning aðeins til tiltekins fjölda eininga í sama verðbréfaflokki á sama VBM-reikningi skal

reikningsstofnun sérgreina þann fjölda rafbréfa sem eignarskráningin tekur til.

- ii. Nafn kennitala og heimilisfang rétthafa.
- iii. Það tímamark sem rétturinn miðast við og nafn þeirrar reikningsstofnunar þar sem grunngögn skráningar eru varðveitt.
- iv. Unnt er að vera með sérstaka veðreikninga en allar eignir sem þar eru skráðar eru veðsettar í samræmi við samning milli veðhafa og veðsala.

3.4.7. Reikningsstofnun þarf sérstaklega að huga vel að skráningu eða afléttingu á veði eða öðrum skráningarhæfum réttindum í eigu annarra aðila en reikningsstofnunar sjálfrar og þurfa þeir aðilar sem þær skráningar annast að búa yfir fullnægjandi sérþekkingu.

Tilkynning til allra hlutaðeigandi aðila um eignarskráningu

3.4.8. Reikningsstofnun, ber að senda tilkynningu um sérhverja eignarskráningu sem hún hefur haft milligöngu um, nema reikningseigandi hafi sérstaklega samið um aðra tilhögun⁵.

Með hlutaðeigandi aðilum er átt við reikningseiganda, veðhafa eða aðra rétthafa að því rafbréfi sem eignarskráningin varðar. Rétthafi getur afþakkað tilkynningar frá RS samkvæmt samkomulagi.

Beiðni um eignarskráningu vísað frá

- 3.4.9. Reikningsstofnun skal vísa frá beiðni um eignarskráningu ef:
1. Rafbréf er ekki skráð á reikning sem hún hefur umsjón með.
 2. Ekki er unnt að skrá efni þeirra réttinda sem beiðnin fjallar um.
 3. Beiðnin uppfyllir ekki almenn skilyrði til réttindaskráningar.

3.4.10. Reikningsstofnun skal tilkynna þeim sem óskað hefur eftir eignarskráningu um ástæður frávísunar.

Leiðrétting á eignarskráningu

3.4.11. Hafi reikningsstofnun í verðbréfamiðstöð orðið þess áskynja að mistök hafi orðið í tengslum við skráningu þá skal hún leiðrétta mistökin. Ef mistök þarf að leiðrétta eftir að uppgjör fer fram ber reikningsstofnun að upplýsa þá sem málið varðar um leiðréttinguna eins fljótt og auðið er.

3.4.12. Reikningsstofnun ábyrgist gagnvart VBM og skal ef óskað er sýna fram á hvenær beiðni um leiðréttingu kom fram og hvenær leiðrétting var framkvæmd.

⁵ Sbr. 9. gr. laga nr. 7/2020.

Aflétting réttinda

- 3.4.13. Við afléttingu réttinda yfir rafbréfum skal koma fram:
- Fjöldi nafnverðseininga sem afléttingin nær til.
 - Nafn, kennitala og heimilisfang rétthafa.
 - Það tímamark sem afléttingin miðast við og nafn þeirrar reikningsstofnunar þar sem grunn gögn afléttingar, s.s. staðfesting um fullnustu veðkröfu, eru varðveitt.

Varðveisla gagna

- 3.4.14. Reikningsstofnun skal varðveita gögn í a.m.k. í 10 ár frá því að réttindum á viðkomandi VBM-reikningi lýkur. Reikningsstofnun skal einnig varðveita öll nauðsynleg gögn við útgáfu þeirra verðbréfaflokka í kerfi VBM sem hún hefur haft milligöngu um útgáfu á.

VBM-verðbréfareikningsyfirlit

- 3.4.15. VBM afhendir reikningseigendum í kerfi VBM verðbréfareikningsyfirlit einu sinni á ári.

Afmáning réttinda

- 3.4.16. Um afmáningu réttinda fer skv. 13. laga nr. 7/2020.

3.5. Sérákvæði vegna réttinda skráð á nöfn látinna einstaklinga eða í eigu óskráðra aðila.

Sérákvæði vegna réttinda skráð á nöfn látinna einstaklinga

- 3.5.1. Kerfi VBM læsir VBM-reikningi þegar upplýsingar hafa borist frá þjóðskrá Hagstofu Íslands um að reikningseigandi sé látin(n).
- 3.5.2. VBM veitir reikningsstofnun upplýsingar um allar skráðar eignir hins látna í kerfi VBM, án þess að framsal fari fram, hafi erfingi fengið heimild sýslumanns til að krefjast upplýsinga um eignir búsins og skuldastöðu þess, sbr. 24. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum og framvísað heimildinni til reikningsstofnunar. Beiðni reikningsstofnunar skal fylgja afrit af hlutaðeigandi heimild.
- 3.5.3. Reikningsstofnun getur á grundvelli eftirfarandi heimilda óskað eftir að VBM opni fyrir VBM-reikning(a) hins látna í kerfi VBM:
- Leyfis til einkaskipta frá sýslumanni.

- b) Skipunarbréfs héraðsdómara til handa skiptastjóra ef dánarbú hefur verið tekið til opinberra skipta, sbr. 46. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.
- c) Framsals frá sýslumanni skv. 1. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.
- d) Erfðafjárskýrslu.
- e) Leyfis sýslumanns til langlífari maka um setu í óskiptu búi.

4. Útgáfa rafbréfa o.fl.

4.1. Almenn ákvæði

- 4.1.1. VBM gefur út hvers kyns fjármálagerninga sem unnt er að eiga viðskipti með og uppfylla skilyrði laga, reglugerða og reglna VBM. VBM metur hvort verðbréf uppfylli skilyrði fyrir útgáfu í kerfi VBM.
- 4.1.2. Öll rafbréf sem skráð eru í kerfi VBM bera ISIN auðkenni sem eru byggð á staðlinum ISO 6166. Þá eru öll rafbréf gefin út í kerfi VBM á grundvelli útgáfulýsingar þar sem tilteknar eru þær upplýsingar sem að lágmarki skulu koma fram í útgáfulýsingu.

4.2. Útgáfa rafbréfa

- 4.2.1. Með útgáfu rafbréfa er í kafla þessum átt við eignarskráningu fjármálagerninga með sölu eða á grundvelli fyrirliggjandi skrár yfir eigendur verðbréfa þegar ekki þarf að innkalla áþreifanleg verðbréf.

Umsókn

- 4.2.2. Umsókn um útgáfu rafbréfa skal uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í útgáfulýsingu. Sá sem undirritar umsóknina fyrir hönd útgefanda skal sýna fram á fullnægjandi heimild til að skuldbinda hann.
- 4.2.3. Umsókn skal afgreidd svo fljótt sem unnt er eftir að fullbúin staðfest umsókn liggur fyrir, þó eigi síðar en innan þriggja mánaða⁶ frá því að fullbúin umsókn var lögð fram. Synjun á útgáfu skal rökstudd. Þegar umsókn hefur verið samþykkt skal undirrita útgáfusamning milli útgefanda og VBM.

Ábyrgð á útgáfu

- 4.2.4. Stjórn útgefanda ábyrgist að allar ákvarðanir varðandi útgáfuna séu teknar skv. gildandi lögum og samþykktum útgefanda og að framkvæmd hennar samræmist reglum VBM hverju sinni. Útgefandi ber enn fremur ábyrgð á að

⁶ Sbr. 2. tl. 49. gr. CSDR.

allar upplýsingar sem veittar eru VBM á grundvelli þessara ákvarðana séu réttar og fullnægjandi.

Útgáfuferli

- 4.2.5. Við útgáfu rafbréfa ber útgefanda að fylgja því útgáfuferli sem VBM ákveður hverju sinni. Óski útgefandi eða reikningsstofnun eftir frávikum frá útgáfuferli skal óska eftir því við VBM án tafar. Útgefandi og reikningsstofnun skulu standa straum af kostnaði þessu samfara og hafa samráð við VBM um útgáfuna.

4.3. Rafræn skráning áþreifanlegra verðbréfa

Almennt

- 4.3.1. Með rafrænni skráningu verðbréfa er átt við rafræna útgáfu á áður útgefnum áþreifanlegum verðbréfum, sbr. nánar 14. gr. laga nr. 7/2020

Innköllun

- 4.3.2. Útgefandi ógildir áþreifanleg verðbréf með innköllun í samræmi við 14. gr. laga nr. 7/2020.

Skrifleg tilkynning

- 4.3.3. Stjórn útgefanda skal senda skriflega tilkynningu til allra skráðra eigenda hlutabréfa eða hlutdeildarskrírteina þar sem hin fyrirhugaða rafræna skráning er kynnt. Tilkynningu skal senda einum mánuði áður en rafræn skráning á sér stað. Ef tilkynningin er send ásamt öðrum gögnum frá félaginu skal hún nægilega aðgreind.

Skráning veðréttrar við rafræna skráningu fjármálagerninga

Hlutabréf

- 4.3.4. Þegar stjórn hlutafélags hefur auglýst innköllun á áþreifanlegum hlutabréfum í samræmi við viðeigandi reglugerð getur veðhafi komið réttindum sínum á framfæri við reikningsstofnun.

- 4.3.5. Þegar rafræn skráning hefur tekið gildi skal reikningsstofnun flytja þau rafbréf sem skulu veðsett inn á VBM-reikning í sinni umsjón en á nafni veðsala.

Skuldabréf

- 4.3.6. Hafi útgefandi auglýst innköllun í samræmi við 14. gr. laga nr. 7/2020 getur handveðhafi skuldabréfs komið réttindum sínum á framfæri við reikningsstofnun frá og með þeim degi sem auglýstur hefur verið.

- 4.3.7. Reikningsstofnun sem veitt hefur áþreifanlegu skuldabréfi viðtöku skal, að uppfylltum skilyrðum flytja það af útgáfureikningi í umsjón VBM inn á VBM-

reikning í sinni umsjón á nafni veðsala og skrá veðréttinn. Ef um sjálfsvörsluveðrétt er að ræða skal reikningsstofnun skrá hann um leið og veðsali afhendir skuldabréfið til rafrænnar skráningar.

- 4.3.8. Þau skuldabréf sem ekki verða afhent til rafrænnar skráningar halda gildi sínu eftir sem áður og er handveðhafa heimilt að hafa skuldabréfið í sinni vörslu þar til veði hefur verið aflétt.

Hlutdeildarskírteini

- 4.3.9. Við rafræna skráningu hlutdeildarskírteina gilda sömu reglur um skráningu veðréttar og eiga við um rafræna skráningu hlutabréfa og skuldabréfa.

4.4. Önnur tilfelli rafrænnar útgáfu.

- 4.4.1. Rafræn skráning samkvæmt ákvæði þessu á sér stað þegar:

- a) Bréf eru gerð aðgengileg án samnings við útgefanda þá telst VBM vera verðbréfamiðstöð fjárfestis samkvæmt CSDR.
- b) Útgefandi vill skrá og gefa út hluta af útgáfu hjá VBM sem að öðru leyti er gefin út í annarri verðbréfamiðstöð, gera VBM og útgefandi útgáfusamning þar sem VBM er útgáfuverðbréfamiðstöð.
- c) Útgefandi vill gefa út hluta af útgáfu og hefur tryggt að sá hluti sem gefa á út hjá VBM sé tekin til hliðar og varðveitt á sérstökum reikningi í annarri verðbréfamiðstöð vegna útgáfu hjá VBM.

- 4.4.2. Standi ekkert því í vegi geta rafbréf í sama verðbréfaflokki sem tekinn hafa verið til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð verið gerð aðgengileg hjá VBM, enda sé tryggt að aðeins sé unnt að skrá réttindi yfir hverju einstöku rafbréfi í einni verðbréfamiðstöð.

- 4.4.3. VBM framkvæmir eftirfarandi aðgerðir og afstemmingar með sjálfvirkum hætti, til að tryggja heilindi útgáfunnar þegar ofangreint aðgengi er til staðar.

- a) Dagleg afstemming á samanlagðri byrjunarstöðu reikninga.
- b) Allar hreyfingar á reikningum yfir daginn fyrir hvert auðkenni (isin).
- c) Samanlögð lokastaða fyrir hvern reikning og hvert auðkenni (isin).

- 4.4.4. Skilyrði þess að heimilt sé að gera útgáfu aðgengilega í kerfi VBM, sem áður hefur verið gefin út í annarri verðbréfamiðstöð, innlendri eða erlendri er:

- a) að fyrir liggja útgáfulýsing og að sambærilegar reglur gildi um útgáfuna og kveðið er á um í lögum nr. 7/2020.
- b) að ekki séu skráð réttindi í annarri verðbréfamiðstöð vegna þeirra rafbréfa sem skráð skulu í kerfi VBM og að tryggt sé að aðeins sé unnt að skrá í kerfi VBM réttindi yfir hverju einstöku rafbréfi sem gefið hefur verið út í kerfi VBM.

4.5. Afskráning og afmáning réttinda

4.5.1. Afskráning rafbréfa í kerfi VBM á sér stað í eftirfarandi tilfellum:

- a) Við lokagjalddaga skuldaviðurkenninga í samræmi við skilmála bréfs.
- b) Við slit á félagi.
- c) Við samruna og uppskiptingu félaga.
- d) Við lækkun útgáfu samkvæmt beiðni frá útgefanda.
- e) Við ákvörðun útgefanda um að láta gefa rafbréfin út í annarri verðbréfamiðstöð.
- f) Ef útgáfan uppfyllir ekki lengur skilyrði og reglur VBM um rafræna skráningu.
- g) Við uppsögn útgáfusamnings að uppfylltum skilyrðum þess efnis.

4.5.2. Afmáning réttinda á sér stað í eftirfarandi tilfellum:

- a) Við gjaldprotameðferð.
- b) Við afmáningu réttinda samkvæmt 13. laga nr. 7/2020.

5. Þjónusta við reikningsstofnanir, útgefendur og eigendur

5.1. Almenn

- 5.1.1. Við framkvæmd fyrirtækjaaðgerða svo sem við greiðslu arðs, afborgana og vaxta skuldabréfa er haft til viðmiðunar þær framkvæmdareglur sem íslenski markaðurinn hefur komi sér saman um varðandi fyrirtækjaaðgerðir.

5.2. Greiðslur vegna fyrirtækjaaðgerða

Arðgreiðslur

- 5.2.1. Útgefandi (félagið) sem greiðir arð skal, um leið og ákvörðunin liggur fyrir, tilkynna VBM um fyrirhugaðan greiðsludag og viðmiðunardag réttinda vegna greiðslu arðs ásamt upplýsingum um samþykkt hluthafafundar um arðgreiðslu á hlut. VBM skráir viðeigandi upplýsingar í kerfi VBM og sendir tilkynningu um fyrirhugaða aðgerð til RS.

- 5.2.2. VBM veitir útgefanda eða RS hans upplýsingar um eignir hluthafa á viðmiðunardegi réttinda til arðgreiðslu ásamt útreikningi um heildararðgreiðslu og arðsréttindi hvers hlutahafa. Útgefandi eða RS fyrir hans hönd staðfestir útreikninga VBM.

- 5.2.3. VBM afhendir útgefanda upplýsingar um greiðslufjárhæð fyrir hverja RS.

5.2.4. Útgefandi skal upplýsa VBM ef fyrirsjáanlegt er að brestur verði á greiðslu arðs á arðgreiðsludegi. Útgefandi eða RS fyrir hans hönd, skal tilkynna að greiðsla hafi farið fram.

5.2.5. Reikningsstofnun skal halda eftir fjármagnstekjuskatti, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996.

Greiðslur vegna skuldabréfa

5.2.6. Útgefandi skal þremur virkum dögum áður en greiðsla afborgana og vaxta fer fram, staðfesta við VBM að fjármunir séu fyrir hendi eða að trygging sé fyrir greiðslu.

5.2.7. Í lok dags, degi fyrir gjalddaga liggur fyrir í kerfi VBM hverjir eru réttihafar greiðslu vaxta og afborgana. Útgefandi ber ábyrgð á útreikningi. Útgefandi eða RS fyrir hönd hans annast dreifingu greiðslu á gjalddaga í samræmi við fyrirbyggjandi gögn frá VBM. Reikningsstofnun skal halda eftir fjármagnstekjuskatti, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Réttindadagur

5.2.8. Réttindi ákvarðast af eigendaskráningu í kerfi VBM í lok þess dags sem réttindi miðast við. Réttindadagur skuldabréfa miðast við lok síðasta bankadags daginn fyrir gjalddaga afborgana og vaxta. Réttindadagur hlutabréfa ákvarðast af viðkomandi hlutafélagi.

5.3. Hækkun hlutafjár

5.3.1. Í tilkynningu um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta, sbr. ákvæði V. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, skal tilgreina þá heimild sem liggur hækkuninni til grundvallar. Einnig skal tilgreina þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra ef um hlutaflokka er að ræða í félaginu. Sá sem undirritar fyrir hönd félags tilkynningu um hækkun hlutafjár þess skal sýna fram á fullnægjandi heimild til að skuldbinda félagið.

5.3.2. Tilkynningu skal fylgja:

- a) Staðfesting frá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra um skráningu hækkunarinnar.
- b) Upplýsingar um hvert ráðstafa eigi hinu nýja hlutafé.

5.4. Útgáfa jöfnunarhluta

5.4.1. Í tilkynningu um útgáfu jöfnunarhluta, sbr. 43. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, skal tilgreina þá heimild sem liggur hækkuninni til grundvallar. Einnig skal tilgreina þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra ef um slíkt er að ræða. Sá sem undirritar fyrir hönd félags tilkynningu um útgáfu

jöfnunarhluta skal sýna fram á fullnægjandi heimild til að skuldbinda félagið. Tilkynningu skal fylgja staðfesting frá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra um skráningu jöfnunarhlutanna.

5.5. Lækkun hlutafjár

5.5.1. Í tilkynningu um lækkun hlutafjár, sbr. VII. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, skal tilgreina þá heimild sem liggur lækkuninni til grundvallar. Sá sem undirritar fyrir hönd félags viðkomandi tilkynningu skal sýna fram á fullnægjandi heimild til að skuldbinda félagið.

5.5.2. Tilkynningu skal fylgja staðfesting frá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra um skráningu lækkunarinnar.

5.6. Samruni félaga

5.6.1. Sá sem undirritar fyrir hönd félaga tilkynningu um samruna, sbr. ákvæði XIV. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, skal sýna fram á fullnægjandi heimild til að skuldbinda viðkomandi félög.

5.6.2. Tilkynningu skal fylgja:

- a) Samrunaáætlun, staðfest og undirrituð af félagsstjórn viðkomandi félaga þar sem fram kemur vægi hluta hvors/hvers félags um sig. Ef um samruna með yfirtöku er að ræða er yfirtökufélagi heimilt að tilkynna samrunann f.h. félaganna.
- b) Staðfest endurrit úr Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

5.7. Skipting félags

5.7.1. Sá sem undirritar fyrir hönd félags tilkynningu um skiptingu þess, sbr. ákvæði 133. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, skal sýna fram á fullnægjandi heimild til að skuldbinda félagið.

5.7.2. Tilkynningu skal fylgja:

- a) Staðfest og undirrituð skiptingaráætlun félagsstjórnar þar sem m.a. er nákvæm lýsing á þeim rafbréfum sem úthlutað er til hvors/hvers viðtökufélags um sig.
- b) Staðfest endurrit úr fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra um skráningu viðtöku félaganna.

5.8. Aðrar aðgerðir

- 5.8.1. VBM framkvæmir aðrar aðgerðir fyrir útgefanda að hans beiðni eða að beiðni reikningsstofnunar hans að uppfylltum skilyrðum laga, reglugerða og reglna VBM.
- 5.8.2. VBM áskilur sér rétt til að setja það skilyrði fyrir framkvæmd aðgerða í kerfi VBM að reikningsstofnun hafi umsjón með þeim.

6. Uppgjör viðskipta

6.1. Almenn ákvæði

- 6.1.1. Til að tryggja öryggi og skilvirkni í uppgjöri skulu Reikningsstofnanir (RS) tilkynna viðskipti til uppgjörs í kerfi VBM eins fljótt og kostur er.
- 6.1.2. VBM hefur innleitt hjá sér verðbréfakerfið Quick Clear. Kerfið hefur verið í notkun frá 2006. Quick Clear kerfið hefur verið samþykkt af evrópskum eftirlitsaðilum og uppfyllir þær kröfur sem settar eru að hálfu CSDR og T2S um staðlað verðbréfauppgjörskerfi.
- 6.1.3. Hvers kyns viðskipti með rafbréf í kerfi VBM eru gerð upp í kerfi VBM óháð því hvort um er að ræða viðskipti með eða án greiðslu, innan húss hjá viðkomandi þátttakenda, eða milli þeirra.
- 6.1.4. Kerfið er opið fyrir viðskiptafyrirmæli frá kl. 08:00 til kl. 19:00 á almennum bankadögum. Viðskiptafyrirmæli vegna kauphallarviðskipta skal senda inn á viðskiptadegi og eigi síðar en degi fyrir uppgjörsdaga. Utanþingsviðskipti má senda inn í síðasta lagi 15 mínútur fyrir hverja uppgjörslotu, sbr. 6.3.3.
- 6.1.5. VBM gerir upp greiðslu og eignauppgjör í samræmi við alþjóðlegar reglur settar af Bank for International Settlements (BIS) Principles for financial market infrastructures, afhending verðbréfa gegn greiðslu (DVP) Módel 2 en þar er gert upp með þeim hætti að verðbréfin eru afhent færslu fyrir færslu þ.e. brúttó en fjárskuldbinding þessu tengd er afhent nettó. Endanleg færsla er þegar verðmætin hafa verið bókuð á reikninga kaupanda og seljanda. Búið er að tryggja fjármagn og verðbréf þ.e. taka bréf frá áður en uppgjörframkvæmd hefst. Ekki er unnt að ganga frá viðskiptum ef ekki er til nægjanlegur fjöldi bréfa eða nægt fjármagn.
- 6.1.6. Pörun viðskipta fer fram með því að RS setja inn í kerfi VBM þær upplýsingar sem kröfur eru um að parað sé á.
- 6.1.7. Viðskipti með eða án greiðslu skulu parast á eftirfarandi atriðum:
 - a) Tegund færslu þ.e. með eða án greiðslu.

- b) Uppgjörsdagur.
- c) Viðskiptadagur.
- d) Gjaldmiðill.
- e) Uppgjörsfjárhæð.
- f) Nafnverð eða magn eftir tegund bréfa þ.e. skuldaviðurkenningar, aðrar útgáfur verðbréfa.
- g) Afhending eða móttaka verðbréfs eða fjár.
- h) ISIN.
- i) Auðkenni þess þátttakenda sem afhendir verðbréf eða fé.
- j) Auðkenni þess sem móttækur verðbréf eða fé.
- k) Einnig er unnt að para á kennitölu í viðskiptum án greiðslu.
- l) Jafnframt er unnt að para á VBM reikningsnúmer mótaðila Vikmörk í fjárhæð viðskipta þannig að þau parast eru kr. 300,- annars vegar þegar viðskipti eru undir kr. 14 miljónum og hins vegar kr. 3.000,- þegar viðskipti eru yfir þeirri fjárhæð. Frávik fjárhæða eru gerð upp samkvæmt fyrirmælum kaupanda.

6.1.8. Öll viðskipti sem fara fram með greiðslu eru gerð upp í þremur uppgjörslotum innan viðskiptadags. Öll viðskipti án greiðslu gerast upp um leið og þau parast og bréf eru fyrir hendi.

6.1.9. Hafi viðskipti parast er ekki unnt að fella viðskiptin niður nema tvíhliða þ.e. báðir aðilar viðskiptanna eru sammála um niðurfellingu og framkvæma hana tvíhliða. Þetta á við um öll viðskipti.

6.1.10. Hafi viðskipti ekki parast, er heimilt að fella niður viðskiptafyrirmæli einhliða. Þetta á við um öll viðskipti.

6.1.11. Heimilt er að setja biðstöðu (hold) á afgreiðslu uppgjörsfærslna þannig að þær fari ekki til uppgjörs fyrr en losað (release) er um biðstöðu færslunnar og henni hleypt í uppgjör.

6.1.12. Öll rafbréf sem gefin eru út hjá VBM eru eingöngu til sem slík og ekki grundvölluð á öðru útgáfuformi eins og pappír.

6.1.13. Reikningsstofnun sem er uppgjörsaðili er aðili að millibankakerfi (MBK) Seðlabanka Íslands. Ef reikningsstofnun er uppgjörsaðili fyrir aðrar reikningsstofnanir skal hún tryggja sig gagnvart þeim með ábyrgðum. Reikningsstofnun sem er jafnframt uppgjörsaðili skal stofna reikning í MBK sem er sérstaklega ætlaður til að annast fyrirmæli vegna verðbréfauppgjörs.

6.1.14. VBM er heimilt að hafa milligöngu um uppgjör greiðslufyrirmæla í erlendum gjaldmiðli.

6.2. Greiðsluuppgjör verðbréfaviðskipta⁷

- 6.2.1. Peningalegt uppgjör verðbréfaviðskipta fer fram á starfsrækslutíma stórgreiðsluhluta MBK. RS sem eru aðilar að MBK stofna sérstakan undirreikning (LOM) til að annast greiðsluuppgjör verðbréfaviðskipta sem fram fara á þeirra vegum.
- 6.2.2. Báðir þættir verðbréfauppgjörins, það er afhending rafbréfa og peninga, fara fram í þremur uppgjörslotum á hverjum viðskiptadegi sem fram fara kl. 10:00, 13:30 og kl. 15:30.
- 6.2.3. Hlutverk Reikningsstofnunar eru að tryggja nægjanlega innistæðu á LOM reikningi fyrir hverja uppgjörslotu.
- 6.2.4. Peningalegt uppgjör fer fram með þeim hætti að nettó greiðslur millifærast/bókast milli LOM-verðbréfauppgjörreikninga RS í samræmi við staðfest undirliggjandi verðbréfaviðskipti samkvæmt innsendum greiðslufyrirmælum úr kerfi VBM, á grundvelli fyrirliggjandi umboðs frá uppgjörstofnunum. Að loknu uppgjöri tæmast LOM reikningar RS yfir á aðalreikning (RTM) viðkomandi RS.
- 6.2.5. Komi til þess að uppgjörsaðili hefur ekki tryggt fjármagn fyrir uppgjör frestast öll viðskipti í viðkomandi uppgjöri yfir í næstu uppgjörslotu.
- 6.2.6. Þeir uppgjörsaðilar sem standa ekki skil á greiðslum vegna verðbréfauppgjörins á uppgjörsdagi verða beittir viðurlögum skv. reglum VBM. sbr. 7.1.4.
- 6.2.7. Um nánari tilhögun uppgjörferlis vísast til samnings VBM og Seðlabanka Íslands um framkvæmd verðbréfauppgjör ásamt samkomulagi um verklag vegna verðbréfauppgjör sem er viðauki við reglur þessar og teljast hluti þeirra.

6.3. Eignauppgjör viðskipta⁸

- 6.3.1. Verðbréfauppgjör VBM grundvallast á afhendingu verðbréfa gegn greiðslu í samræmi við gildandi alþjóðlegar reglur og tilmæli, sbr. lið 6.1.2 hvað varðar uppgjör verðbréfa, bæði hvað varðar vörslu og fyrirkomulag peninga- og verðbréfa hluta uppgjörins. Öll samþykkt kaup- og sölutilboð vegna viðskipta í kauphöll á rafbréfum ásamt öðrum viðskiptum með rafbréf

⁷ sbr. Viðauki Samkomulag Seðlabanka Íslands og Verðbréfamiðstöðvar Íslands um verklag vegna verðbréfauppgjör, sem er viðauki við reglur þessar og teljast hluti þeirra.

⁸ sbr. Viðauki Samkomulag Seðlabanka Íslands og Verðbréfamiðstöðvar Íslands um verklag vegna verðbréfauppgjör, sem er viðauki við reglur þessar og teljast hluti þeirra.

(utanþingsviðskipti) sem VBM annast uppgjör á eru tilkynnt í Quick Clear kerfi VBM til pörunar.

- 6.3.2. Þegar viðskipti hafa komist á milli reikningsstofnana með rafbréf skulu viðkomandi reikningsstofnanir senda inn allar nauðsynlegar upplýsingar til pörunar í kerfi VBM. Að lokinni pörun reikningsstofnana á fyrirmælum, og fyrir hvert og eitt uppgjör viðskipta, kannar VBM eignastöðu aðila að viðskiptum og annast afhendingu rafbréfa (uppgjör). Kerfi VBM tekur frá bréf sem hafa þarast reglulega innan viðskiptadags.
- 6.3.3. VBM gerir upp verðbréfaviðskipti þrisvar á dag. Uppgjörslotur eru kl. 10:00, 13:30 og kl. 15:30 á hverjum viðskiptadegi.
- 6.3.4. Neikvæð staða á VBM-reikningi er í engum tilvikum heimil. Einungis er unnt að gera upp viðskipti ef nægileg eign í rafbréfum er á VBM-reikningi seljanda.
- 6.3.5. Komi til þess að ekki sé nægileg eign í rafbréfum á VBM-reikningi seljanda þá skráir kerfi VBM viðkomandi viðskipti í uppgjör en þau eru sérstaklega auðkennd sem „misheppnuð“ (e. fail) og bíða viðskiptin næstu uppgjörslotu. VBM sendir ekki greiðslufyrirmæli vegna viðskipta sem eru sérstaklega auðkennd með framangreindum hætti. VBM fellir niður þau viðskipti, sem auðkennd hafa verið sem „misheppnuð“ í kerfi VBM, í lok dags fimm viðskipta⁹ dögum eftir að viðskipti áttu upphaflega að gerast upp á milli reikningsstofnana (S+5).
- 6.3.6. Um nánari tilhögun uppgjörferlis vísast til samnings VBM og Seðlabanka Íslands um framkvæmd verðbréfauppgjör ásamt samkomulagi um verklag vegna verðbréfauppgjör sem er viðauki við reglur þessar og teljast hluti þeirra.

6.4. Efdalok uppgjör

- 6.4.1. Verðbréfauppgjörskerfi VBM er formlegt fyrirkomulag sem er formað með samningum milli RS sem þátttakenda, VBM og Seðlabanka Íslands.
- 6.4.2. Fyrirmæli um afhendingu verðbréfa teljast komin til kerfis um leið og þátttakendur hafa parað þau í kerfi VBM, þ.e. afhendingarfyrirmæli og móttökuþyrirmæli hafa þarast. Eftir pörun er ekki unnt að fella niður viðskiptin nema með samþykki mótaðila. Fyrirmælin eru óafturkræf eftir að þau eru komin í uppgjörslotu.
- 6.4.3. Greiðslufyrirmæli sem VBM sendir til MBK vegna uppgjörslotu lúta reglum MBK um staðfestingu greiðslufyrirmæla sbr. 12 gr. reglna Seðlabankans um MBK.

⁹ Sbr. 3. mgr. 7. gr. CSDR.

Um leið og uppgjörslota hefst læsir VBM LOM verðbréfauppgjörreikningum uppgjörstofnanna. Á þeim tímapunkti teljast greiðslufyrirmæli komin til kerfis vegna uppgjör og eru óafturkræf eftir það nema að VBM aflæsi í ljósi þess að ekki eru til nægjanlegir fjármunir til að ganga frá uppgjöri.

6.4.4. Þegar fyrir liggur að uppgjörslota getur klárast þar sem bæði fjármagn og rafbréf eru tilbúin til afhendingar eru rafbréfin afhent kaupendum og svo greiðslur í kjölfarið eftir innsendingu greiðslufyrirmæla þar um frá VBM.

6.4.5. Þegar færslur peninga og rafbréfa eru bókaðar af og á reikning teljast það efndalok uppgjör.

6.5. Vanefndir við greiðslu- eða eignauppgjör

6.5.1. Ef reikningsstofnun stendur ekki við greiðslu- eða eignauppgjör fyrir tilskilin tímamörk beitir VBM févítum í samræmi við reglur CSDR og tæknilegan eftirlitsstaðal um aga í uppgjöri og eru févítu greidd þeim er verða fyrir áhrifum af uppgjörbresti. Auk þess innheimtir VBM kostnað við framkvæmd samkvæmt í gildandi gjaldskrá VBM.

6.5.2. Ef vanefnd verður í greiðsluhluta uppgjörslotu innan dagsins upplýsir VBM allar reikningsstofnanir, Seðlabankann og Fjármálaeftirlit Seðlabankans um þá stöðu að teknu tilliti til orsaka.

6.5.3. Ef vanefnd verður í verðbréfahluta uppgjörins í lok dags á skilgreindum uppgjörstigi flyst uppgjörsskuldbinding yfir á næsta viðskiptadag.

6.5.4. Reikningsstofnun ber allan kostnað sem hlýst af aðgerðum vegna vanefnda á uppgjöri í samræmi við lið 6.5.1.

6.6. Vanefndir við greiðsluuppgjör vegna gjaldþrots

6.6.1. Móttaki VBM tilkynningu um gjaldþrot RS fer um aðgerðir VBM samkvæmt III kafla laga nr. 90/1999 um um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum.

6.6.2. Um vernd veðréttinda gegn gjaldþrotaskiptum á búi veðþola fer samkvæmt IV kafla laga nr. 90/1999 um um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum.

6.6.3. Að kröfu Fjármálaeftirlits Seðlabankans bregst VBM við og eftir atvikum:

- a) Tilkynnir hagaðilum um gjaldþrot viðkomandi.
- b) Loka fyrir aðgang viðkomandi RS að kerfi VBM.
- c) Upplýsir Fjármálaeftirlit Seðlabanka um:
 - i. heildarfjárhæð þeirrar skuldbindingar er varða viðkomandi RS.
 - ii. tegundir fjármálagerna vegna þess uppgjör sem um ræðir.

- iii. fjölda þeirra viðskiptavina sem viðkomandi RS hefur og hvaða áhættu viðskiptavinir viðkomandi RS standa frammi fyrir vegna umrædds atviks.
- d) Fara að öðrum beiðnum Fjármálaeftirlits Seðlabankans lögum samkvæmt og eftir atvikum.

6.6.4. Markmið ofangreindra aðgerða er að lágmarka skaða fjármálakerfisins og þá sérstaklega fjárfesta.

7. Vanefndir og lok aðildar

7.1. Vanefndir aðila

- 7.1.1. Uppfylli reikningsstofnun, verðbréfamistöð eða útgefandi ekki skilyrði laga, reglugerða, reglna VBM eða ákvæði samnings um aðild eða útgáfu, skal það tilkynnt tafarlaust til VBM og greint frá ástæðum þess.
- 7.1.2. Vanefnd reikningsstofnunar getur m.a. falist í notkun aðgangsheimildar í heimildarleysi, aðgangsheimild er ekki fyrir hendi, reikningsstofnun hefur ekki tilkynnt um nýja tengiliði vegna aðildarsamnings, vanefnd í tengslum við aðkomu reikningsstofnunar að uppgjöri eða ef um ítrekaðar vanefndir er að ræða að mati VBM.
- 7.1.3. VBM hefur rétt á að kalla eftir og fá nauðsynlegar upplýsingar til að sinna eftirlitsskyldu sinni gagnvart reikningsstofnun, verðbréfamistöð eða útgefanda. Fáir VBM vitneskju um tilvik skv. 7.1.1 eða 7.1.2, skal VBM þegar í stað kanna áreiðanleika þeirra upplýsinga og snúa sér beint til viðkomandi reikningsstofnunar, verðbréfamistöðvar eða útgefanda, ef tilefni er til, og gefa hæfilegan frest til úrbóta. Nú rennur gefinn frestur út án úrbóta af hálfu viðkomandi og skal þá Fjármálaeftirliti Seðlabankans tilkynnt um það tafarlaust. Ef vanefndir eru alvarlegar að mati VBM og Fjármálaeftirlits Seðlabankans er unnt að grípa til aðgerða skv. 7.1.4.
- 7.1.4. Brjóti reikningsstofnun, verðbréfamistöð eða útgefandi ákvæði laga, reglugerða, reglna VBM eða samning um aðild eða útgáfu, getur stjórn VBM:
 - a) Beitt viðurlögum í formi févítis skv. verðskrá.
 - b) Krafist úrbóta innan ákveðins frests að viðlögðum dagsektum skv. verðskrá.
 - c) Lokað tímabundið fyrir aðild að kerfi VBM.
 - d) Sagt aðildarsamningi upp. Taki stjórn VBM ákvörðun um að segja upp aðild skal kveða á um frá og með hvaða tíma uppsögnin tekur gildi. Stjórn VBM er heimilt að láta uppsögn taka gildi fyrirvaralaust og loka fyrir aðgang viðkomandi að kerfi VBM sé um ítrekað eða alvarlegt brot að ræða.

- 7.1.5. VBM skal reglulega eða samkvæmt beiðni, fara yfir uppgjorsreglur með reikningsstofnunum. VBM skal að eigin frumkvæði yfirfara gögn um tengiliði og ganga úr skugga um að öllum reglum þar að lútandi sé fylgt.
- 7.1.6. Ákvarðanir um viðurlög skv. 7.1.4 skulu rökstuddar og tafarlaust tilkynntar hlutaðeigandi skriflega. VBM getur í samráði við Fjármálaeftirlit Seðlabankans birt opinberlega niðurstöður sínar um vanefndir hlutaðeigandi þar sem greint skal frá í hverju vanefndimar eru fólgnar.

7.2. Lok aðildar reikningsstofnana og verðbréfamiðstöðva

- 7.2.1. Óski innlend eða erlend reikningsstofnun eða önnur verðbréfamiðstöð eftir að segja upp aðild hjá VBM skal það gert skriflega með sex mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót eða fyrr ef um semst.
- 7.2.2. Hafi innlend eða erlend reikningsstofnun eða önnur verðbréfamiðstöð tekið ákvörðun um samruna við aðra reikningsstofnun eða um annað sem áhrif getur haft á rekstrarform eða starfsemi hennar að öðru leyti, skal tilkynning þess efnis send VBM ásamt greinargerð þar um. Í tilvikum sem þessum áskilur VBM sér rétt til að endurskoða aðild innlendar eða erlendar reikningsstofnunar eða annarrar verðbréfamiðstöðvar og kalla eftir nauðsynlegum gögnum.
- 7.2.3. Aðildarsamningur fellur sjálfkrafa úr gildi í eftirfarandi tilvikum:
- Starfsleyfi fellur niður eða er afturkallað af lögbæru stjórnvaldi.
 - Reikningsstofnun eða verðbréfamiðstöð er tekin til gjaldþrotaskipta, beiðni um gjaldþrotaskipti hefur verið lögð fram, gert hefur verið árangurslaust fjárnám, beiðni hefur verið lögð fram um greiðslustöðvun eða aðrar skýrar vísbendingar um ógjaldfærni eru fyrir hendi.
 - Komi upp önnur tilvik en þau sem um ræðir í b lið sem stefna skráðum réttindum í kerfi VBM í hættu.
- 7.2.4. Ákvarðanir um lok aðildar eða viðurlög skv. 7.1.4 skulu rökstuddar og tilkynntar hlutaðeigandi skriflega.
- 7.2.5. Þegar uppsögn tekur gildi lokar VBM fyrir allan aðgang hlutaðeigandi að kerfi VBM.

8. Ýmis ákvæði

8.1. Skaðabætur

8.1.1. Um skaðabótaábyrgð VBM á tjóni sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingu eða afmáningu réttinda á reikningi í VBM fer eftir VII kafla laga nr. 7/2020. Sama á við um skaðabótaábyrgð reikningsstofnana.

8.2. Veiting upplýsinga í hagtöluskyni

8.2.1. Þeir sem óska eftir upplýsingum úr kerfi VBM í hagtöluskyni, skulu senda skriflega umsókn til VBM. VBM tekur skriflega afstöðu til umsóknar innan tveggja vikna frá því að umsögn Persónuverndar um viðkomandi beiðni hefur borist VBM. Synjun á umsókn skal ávallt rökstudd.

8.2.2. Þeir aðilar sem fá aðgang að upplýsingum úr kerfi VBM skulu meðhöndla veittar upplýsingar í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 eftir því sem við á.

8.3. Önnur þjónusta

8.3.1. Þjónustu sem VBM kann að bjóða aðilum er gert hafa aðildar- eða útgáfusamning, sem felur ekki í sér milligöngu um eignarskráningu eða þá þjónustu sem talin er upp í 4. kafla reglna þessara, skal halda aðskilinni frá kjarnastarfsemi félagsins. Slík þjónusta skal ávallt vera í eðlilegum tengslum við kjarnastarfsemi félagsins.